



Alþingi
Erindi nr. P 138/1339
komudagur 22.3.2010

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19.03 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (445 mál).

Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn þessu frumvarpi sem setur kröfur um opinber gjöld jafnfætis kröfum launafólks í þrotabú atvinnurekanda. Ábyrgðasjóður launa takmarkar ábyrgð sína bæði hvað varðar hámarksfjárhæðir og ábyrgðartímabil. Það sem fellur þar fyrir utan greiðist af eignum þrotabúa sem forgangskröfur. Verði frumvarpið að lögum mun það rýra kröfur launafólks og gera réttarstöðu þess verri en nú er.

Innheimtumenn ríkissjóðs búa nú þegar yfir fljótvirkum beinskeyttum og úrræðum til innheimtu vörsluskatta og elga að beita þeim gagnvart vörsluaðilum í vanskilum vilji þeir tryggja réttarstöðu sína. Vanskilin geta jafnframt leitt til refsinga. Launafólk býr ekki yfir sömu úrræðum en nýtur þess í stað forgangsréttar um laun sín.

Ríkisstjórnin hyggst veita fyrirtækjum í vanskilum með vörsluskatta aukinn frest til greiðslu þeirra. Tilgangur þessa frumvarps virðist helst vera sá að gera það á kostnað launafólks ef marka má greinargerð með frumvarpinu.

Athygli er jafnframt vakin á því að verði frumvarp þetta að lögum mun það rýra endurheimtur Ábyrgðasjóðs launa og kalla á aukin framlög til sjóðsins en þau hafa farið hratt vaxandi.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Stofnun 1 • Reykjavík
Sími: 535 9600 • Fíxi: 535 9901
asi@asi.is • www.asi.is